

Ársreikningur Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2019- Umfjöllun og útskýringar

Sú staðreynd blasir við að umtalsvert tap varð á rekstri Skeiða- og Gnúpverjahrepps á árinu 2019, eða 36,5 milljónir króna. Afkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði er samt jákvæð um 1,7 mkr. Eins og við er að búast eru það mikil vonbrigði. Vart hefur orðið við gagnrýni vegna þess. Árið 2018 var sérdeilis hagstætt og umskiptin því mikil

Undirritaður hefur gegnt starfi sveitarstjóra síðastliðin átta ár. Ef litið er til afkomu árána 2012 – 2018 er samanlagður hagnaður sveitarfélagsins 220 milljónir króna, eða um 31 milljón króna á ári að meðaltali. Ef tekið er tillit til tapsins á síðasta ári er meðaltalshagnaður árána 2012- 2019 26,3 mkr. Einu sinni áður í minni tíð var tap á rekstrinum, það var árið 2015 um 12,9 mkr. Ég vil meina þessi ár sem um er rætt hafi verið ár framfara í Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Reksturinn snýst um þjónustu við íbúana og lít ég svo á að hér sé þjónustan á háu stigi. Þeim fjármunum sem reksturinn hefur skilað hefur verið varið til fjárfestinga í innviðum. Viðhaldi eigna hefur verið gerð góð skil. Málaflokkar sveitarfélagsins taka mikið fjármagns til sín. Það hefur verið mikill stígandi í kostnaði síðustu árin. Þrátt fyrir að niðurstaðan hafi orðið þessi á síðasta ári þá er eignastaða sveitarfélagsins sterk. Bókfært eigið fé þess nemur 726 milljónum króna. Heildareignir nema rétt rúmum milljarði.

Ef litið er til helstu ástæðna verri afkomu á síðasta ári í samanburði við árið 2018, og frávika frá fjárhagsáætlun, þá er þess fyrst að geta að mikill samdráttur varð í tekjum sveitarfélagsins á síðasta ári. Hann nam samtals 82,2 mkr

Það greinist eftirfarandi tölur í þúsundum króna

	2019	2018	Breyting
Fasteignaskattur	252.902	234.692	18.210
Útsvar	309.338	350.014	40.676
Framlag jöfnunarsjóðs	52.064	97.877	45.813
Aðrar tekjur	104.734	118.736	14.002
Samtals lækkun tekna			82.281

Búist var við að útsvarstekjur myndu lækka, þar sem gert var ráð fyrir fækkun vel borgandi íbúa. Lækkunin varð meiri en ætlað var. Endanlegar tölur um útsvar lágu ekki fyrir fyrr en um mánaðamót janúar- febrúar 2020. Fasteignaskattur varð lægri vegna þess að fullnaðarúttekt á Búrfelli 2 lauk síðar en ætlað var. Það er frekar erfitt að átta sig á hver niðurstaða verður í framlögum jöfnunarsjóðs á hverjum tíma. Oftar en ekki koma í lok árs viðbætur á framlög, en það gerðist ekki núna. Meginástæða lækkunar kom til vegna mikilla tekna árið áður. Aðrar tekjur, þjónustugjöld og fleira drógust saman samkvæmt því sem búist var við

Mikil hækkun varð í útgjöldum, ýmsar ástæður koma til.

Ef litið er til launakostnaðar þá hækkuðu þau umtalsvert meira ein ætlað var. Er þar hækkun um 23 mkr frá 2018. Greidd laun voru samtals 296 mkr árið 2019. Þar koma fyrst og fremst til hækkanir kjarasamninga. Annar rekstrarkostnaður í heild nam 414,5 mkr. Áætlun gerði ráð fyrir 413,4 mkr. 2018 nam kostnaðurinn 373 mkr. Þar er því um að ræða 40 mkr hækkun.

Í neðangreindri töflu er yfirlit málaflokka þar má sjá hækkun kostnaðar milli árána 2018 og 2019

	2019	2018	Breyting
Fasteignaskattur	252.902	234.692	18.210
Útsvar	309.338	350.014	40.676
Framlag jöfnunarsjóðs	52.064	97.877	45.813
Aðrar tekjur	104.734	118.736	14.002
Samtals lækkun tekna			82.281

1.Félagspjónusta	46.130	38.801	7.329
2. Fræðslumál (skólar og leikskóli)	344.509	316.871	27.638
3.Menningarmál (félagsheimili, bókasafn hátíðahöld	42.328	30.240	12.088
4.Æskulýðs- og íþróttamál- íþróttamál-styrkir v íþr	39.503	37.015	2.488
5. Brunamál og almannavarnir-	18.287	18.846	- 559
6. Hreinlætismál - sorppjónusta	29.524	7.839	21.685
7.Skipulags- og byggingamál	16.551	13.540	3.011
8. Umferðar- og samgöngumál	20.346	14.568	5.778
9.Umhverfismál	4.787	5.548	- 761
10.Atvinnumál	15.075	10.871	4.204
10.Sameiginlegur kostnaður - skirfstofa-sveitarstjórn- samningar og fl	94.758	86.335	8.423
Samtals	671.798	580.474	91.324

1. Félagspjónusta vex mjög milli ára og hefur verið stígandi í mörg ár. Þar koma helst til auknar greiðslur til samlaga á því sviði
2. Í fræðslumálum munar einn mest um hækkun kostnaðar við skólakstur og laun.

3.Eitt mál ber að nefna sérstaklega, í liðnum menningarmál, 8,5 mkr leigugreiðsla fyrir félagsheimilið Árnes til Landsvirkjunar samkvæmt samningi. Sveitarstjóri gerði þau mistök að líta svo á að síðasta ár samningsins væri árið 2019 en það reyndist vera árið 2018. Það er lækkun á tekjum um 8,5 mkr. Það munar um þá tölu þegar horft er á niðurstöðu ársreiknings.

6.Eins og sjá má er hækkun kostnaðar við sorppjónustu að hækka óhugnanlega milli ára. Eða 21,6 mkr. Það helgast aðallega af mjög auknum flutningskostnaði, þar sem sorpinu er nú ekið vestur í Mýrasýslu. Magn sorps hefur verið mikið og talsvert vantar á að flokkun sé með viðunandi hætti. Það kostar sitt.

Þau samlög sem sveitarfélagið á aðild að kosta um 100 milljónir króna og hef ég miklar áhyggjur af því hvað sá kostnaður hefur vaxið mikið á síðustu árum og tel ég þörf á að lagst verði yfir hagræðingarmöguleika í þeim efnum. Þar er átt við til að mynda Umhverfis- og tæknisvið, skóla- og velferðarþjónustu, brunavarnir, byggðasafn og fleira.

Það sem af er þessu ári hefur verið heldur þungt í rekstri og við því að búast að niðurstaða ársins verði ekki eins og best verður á kosið. Það er full þörf á að taka ýmsa rekstrarþætti til skoðunar með lækkun kostnaðar að markmiði. Er það ekki í fyrsta sinn sem sá tónn heyrir frá mér. Eins og bent hefur verið á var það ljóst þegar kom fram á síðasta ár að rekstur þess árs yrði ekki uppá það besta. Ábendingar um að bregðast hefði mátt fyrr við þeim aðstæðum eiga við rök að styðjast.

Undirritaður er þess fullviss að vel takist til við að vinna úr þeirri stöðu sem nú er uppi í rekstri sveitarfélagsins.